

tryggingarfélagssins í tjoninu skv. 1. mgr. fyrnefndrar 12. greinar vátryggingarskilmála 50/52 af kr. 4450.00, eða kr. 4278.85, og verður stefndur dæmdur til að greiða 75% af þeirri upphæð, sbr. 3. mgr. 12. gr., eða kr. 3209.14, með 5% ársvöxum frá stefnudegi, 23. júní 1936, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Föstudaginn 22. október 1937.

Nr. 36/1937. **Réttvísín** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Ingibjörgu Jósepsdóttur, Leó Maronssyni og Sölva Valdimarssyni

(Theódór B. Lindal)

Íúsbrenna. Samsekt.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 21. marz 1936: Kærðir, Leó Maronsson og Sölvi Valdimarsson, sæti hvor um sig betrunarhússvinnu í 1 ár, en Ingibjörg Jósepsdóttir betrunarhússvinnu í 14 mánuði.

Svo greiði hin kærðu eitt fyrir öll og öll fyrir eitt allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur í máli þessu er kveðinn upp í aukarétti Siglufjarðar 21. marz 1936. Er dómurinn birtur hinum ákærðu 6., 10. og 21. júní sama ár, og lýsa þau öll yfir því, að þau vilji una við dóminn. Dómsgerðir í málinu eru gefnar út af héraðsdómaranum 11. desember 1936, og munu þær hafa borizt dómsmálaráðuneytinu skömmu síðar. Ákvað ráðuneytið að áfrýja dómnum að því er öll hin ákærðu varðaði. Er áfrýjunarstefna út gefin af ráðuneytinu 9. febrúar þessa árs og birt hinum ákærðu þannig:

Leó þann 19. febr., Sölva 3. marz og Ingibjörgu 20. marz þ. á.

Nú hefir komið fram hér fyrir dómi, að sumarið 1936 hafði héraðsdómarinn í málinu, bæjarfógetinn í Siglufjarðarkaupstað, tekið þá ákvörðun á eindæmi sitt og án vitundar dómsmálaráðuneytisins, að fullnægt skyldi refsingu þeirri, sem ákærði Leó var dæmdur í með héraðsdóminum. Að tilhlutun bæjarfógetans var Leó fluttur í fangelsið á Litla-Hrauni þann 13. ágúst 1936, og dvaldist hann þar, samkvæmt vottorði fangavarðar, frá þeim degi og til 14. apríl 1937. Þó virðist hann ekki hafa verið að afplána refsinguna allan þann tíma, því upplýst er, að þegar dómsmálaráðuneytið komst að því um veturinn 1937, að því er ætla má í febrúarmánuði, að Leó væri í fangelsinu, fyrirskipaði það þegar, að hann skyldi leystur úr því, en ekki er upplýst hér fyrir réttinum, hvaða dag það hefir komið til framkvæmdar.

Þótt ákærði Leó hafi þannig setið um tíma í fangelsi til að afplána refsingu fyrir brot þau, sem hér skal dæmt um, þá þykir það ekki geta staðið því í vegi, að fullnaðardómur gangi nú í máli hans, þar sem ákvörðunin um fullnustu refsingar hans samkvæmt héraðsdóminum var tekin af manni, sem ekki var um það bær, sbr. 15. gr. tilsk. 24. jan. 1838. Hinsvegar ber að sjálfsgöðu, þegar til þess kemur, að refsingu samkvæmt þessum dómi verður fullnægt, að taka fullt tillit til þeirrar refsingar, sem hann hefir nú þegar tekið út, þannig, að kostur hans verði hinn sami, sem hann hefði orðið, ef hann hefði tekið alla refsinguna út í einu lagi.

Um sakir hinna ákærðu í máli þessu er upplýst það, sem hér segir:

Haustið 1935 tók ákærða Ingibjörg á leigu veitingahúsið „Dettifoss“ á Siglufirði, eign Hinriks Thorarensen, frá 1. október þess árs og til 1. maí 1936. Hóf hún veitinga- eða matsölustarfsemi í húsinu, en virðist hafa verið hætt því og flutt úr húsinu seinni hluta nóvember s. á., og stóð húsið eftir það mannaust. Ekki er upplýst í prófum málsins um stærð hússins né úr hvaða efni það hafi verið reist, og ekki annað um legu þess í kaupstaðnum en það, að fjarlægð þess frá öðrum húsum hafi verið 12 metrar. Hér fyrir rétti hefir verjandi hinna ákærðu hinsvegar skýrt svo frá, að húsið hafi verið einlyft timburhús. Um stærð næstu húsa, og hvort þau hafi verið timburhús eða steinhús, er ekkert upplýst. Húsið „Dettifoss“ var að fasteignamati 10000 króna virði, en brunabótamat þess var kr. 14500.

Ákærða Ingibjörg hafði vátryggt lausafé sitt í húsinu hjá vátryggingarfélaginu Danske Lloyd fyrir kr. 10000.00. Skömmu eftir að hún hóf veitingastarfsemi sína er vaknaður hjá henni sá ásetningur, að brenna húsið í því skyni að svikja vátryggingarfélagið. Þegar í októbermánuði er hún farin að telja ákærða Leó á að kveikja í húsinu, og í nóvembermánuði kemur hún honum og ákærða Sölva með forföllum og lofordum um að láta þá hafa 1000 krónur samtals af vátryggingarfénu að launum til þess að fremja íkveikjuna 23. nóvember, sem lýst er í hér aðsdóminum. Þá er það upplýst, að ákærða vann þá Leó og Sölva enn á ný til þess að lofa að kveikja í húsinu kringum 7. desember næst á eftir, en er til þess kom, að þeir skyldu framkvæma íkveikjuna, hættu þeir þó við hana sökum þess, hversu veður var þá vont, og að þeir voru þá báðir orðnir

ölvaðir, eftir því sem þeir skýra sjálfir frá. Næst kom ákærða þeim svo til þess að kveikja í húsinu aðfaranótt 15. desember, eins og nánar er lýst í héraðsdóminum.

Þegar næstu daga eftir brunann sendi ákærða Ingibjörg umboðsmanni félagsins Danske Lloyd á Siglufirði skrá yfir þá muni sína, sem hún taldi hafa brunnið, og greindi verð þeirra. Nam það samtals samkvæmt skránni kr. 10412.95. Við rannsókn málsins kom í ljós, að mjög var oftalið á skránni. Hafði ákærða komið miklu af munum undan og ýmist falið þá heima hjá sér eða komið þeim í geymslu hjá öðrum. Samkvæmt áætlun útnefndra manna hefir verðmæti þeirra muna ákærðu, sem eyðilögðust í brunanum, numið um 1800—1900 kr.

Þegar prófum málsins lauk, tilkynnti dómariinn ákærðu Ingibjörgu í rétti, að mál yrði höfðað gegn henni fyrir brot á ákvæðum 283. og 261. gr. hegningarlaganna frá 1869.

Í héraðsstefnunni er hinsvegar aðeins getið um, að mál gegn henni verði höfðað fyrir brot á ákvæðum 283. gr. hegningarlaganna. Hinum ákærðu Leó og Sölva hefir aðeins verið tilkynnt málshöfðun fyrir brot á ákvæðum 283. gr. hegningarlaganna, og þykir því ekki heimilt að dæma þeim í þessu máli refsingu fyrir þátttöku þeirra í váttryggingarsvikum.

Brot ákærðu Ingibjargar, að því er varðar íkveikjurnar 23. nóvember og aðfaranótt 15. desember, eiga undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 1. málslíð 53. gr. hegningarlaganna frá 1869, og brot hennar, að því er varðar tilraun til íkveikju kringum 7. desember s. á., á undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 2. málslíð 53. gr. og 47. gr. sömu laga. Þá hefir hún og, með því að gerast frumkvöðull að framangreind-

um íkveikjum og íkveikjutilraunum, og með því að gera kröfu til vátryggingarfjárins, eins og að framman er greint, gerzt sek um brot á ákvæðum 261. gr. sömu laga, að nokkru samanborið við 46. gr. þeirra. Þykir refsing hennar fyrir brot þessi, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaga, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 26 mánuði.

Brot hinna ákærðu Leós og Sölva, að því er varðar íkveikjurnar 23. nóvember og aðfaranótt 15. desember, eiga undir 1. mgr. 283. gr. sbr. 1. málslið 48. gr. hegningarlaga. Og brot þeirra, að því er tekur til loforðs þeirra um að fremja íkveikju kringum 7. desember, varðar við 1. mgr. 283. gr. sbr. 2. mgr. 54. gr. sömu laga. Þykir refsing þeirra hvors um sig, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaga, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í 25 mánuði. Við fullnustu refsingar ákærða Leós ber svo, eins og fyrr segir, að taka fullt tillit til þeirrar refsingar, sem hann hefir þegar tekið út, þannig, að kostur hans verði hinn sami og hefði hann tekið út alla refsinguna í einu lagi.

Hinir ákærðu Leó og Sölvi, sem sátu í gæzluvarðhaldi, hinn fyrrnefndi frá 27. til 30. desember 1936, og hinn síðarnefndi frá 28. til 29. sama mánaðar, greiði hvor um sig kostnað við gæzluvarðhald sitt. Allan annan kostnað málsins, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæsarétti, 120 krónur til hvors, greiði öll hin ákærðu in solidum.

Prófum máls þessa er að ýmsu leyti ábótavant. Eins og frá er skýrt hér að framan, vantar allar upplýsingar um stærð húss þess, sem brennt var, og hvort það var steinhús eða timburhús. Ennfremur eru upplýsingar um afstöðu þess til annara húsa

mjög ófullnægjandi. Þá hefði og þurft að upplýsa, hvernig efnahag hinna ákærðu, einkum Ingibjargar, var háttað, áður en húsið brann. Það verður og að átelja, að héraðsdómarinn hefir ákveðið refsingu hinna ákærðu langt undir lágmarki því, sem tiltekið er í hegningarákvæðum þeim, sem brot þeirra eru heimfærð undir. Allt of langur dráttur hefir orðið á birtingu héraðsdómsins fyrir hinum ákærðu og á afgreiðslu dómsgerða í málinu til dómsmálaráðuneytisins. Loks hafa þau stórfelldu glöp hent héraðsdómarann, að hann hlutast til um fullnustu refsídóms eins hinna ákærðu, algerlega á eindæmi sitt og löngu áður en hann afgreiðir dómsgerðirnar til dómsmálaráðuneytisins, og þvert ofan í skýrt bann þar að lútandi í 15. gr. tilsk. frá 24. jan. 1938. En þar sem hér er um þess háttar brot að ræða, í sambandi við meðferð umboðsvalds, sem 131. gr. hegningarlaganna fjallar um, þá þykir ekki rétt að dæma réttarfarssektir á hendur héraðsdómaranum fyrir þessi afbrigði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða, Ingibjörg Jósepsdóttir, sæti betrunarhúsvinnu í 26 mánuði.

Ákærðu, Leo Maronsson og Sölvi Valdimarsson, sæti hvor um sig betrunarhúsvinnu í 25 mánuði, en við fullnustu refsingar ákærða Leós skal taka fullt tillit til þeirrar refsingar, sem hann hefir þegar tekið út, þannig að kostur hans verði hinn sami sem hann hefði orðið, ef hann hefði tekið alla refsinguna út í einu lagi.

Ákærðu Leó og Sölvi greiði hvor um sig

varðhaldskostnað sinn. Allan annan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Theodórs B. Lindal, 120 krónur til hvors, greiði öll hin ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar gegn Leó Maronssyni, Sölva Valdimarssyni og Ingibjörgu Jósepsdóttur fyrir brot á 283. gr. refsilaganna, sbr. 48. gr. að því er þá 2 fyrstnefndu greinir, og fyrir brot á 283. gr. sömu laga, sbr. 53. gr. að því er kærðu Ingibjörgu Jósepsdóttur snertir.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Leó Maronsson og Sölvi Valdimarsson hafa tvisvar kveikt í veitingahúsinu „Dettifoss“, en kærð Ingibjörg Jósepsdóttir hefir fengið þá til þess, og hafa öll hin kærðu kannast við brot sitt eftir mikla vafninga og útúrdúra. Í fyrra skiptið var slökkt í húsinu og nær engar skemmdir urðu, en í síðara skiptið brann húsið.

Nánari atvik eru þessi:

Kærða, Ingibjörg Jósepsdóttir, fær Leó Maronsson og Sölva Valdimarsson til þess að kveikja í veitingahúsinu „Dettifoss“, sem kærð hefir á leigu, og hafði innanstokksmuni þar váttryggða fyrir allt að 10000 kr.

23. nóv. s. l. fara kærðu Sölvi og Leó að fá sér olíu hjá kærðu eftir tillögum hennar og fara inn í húsið kl. rúmlega 5 um nóttina. Kveikja þeir þar á rafljósi og fara upp á háaloft í húsinu gegnum hleragat. Helti Sölvi steinolíu kringum rafljósainntak hússins, en Leó rétti honum pappir, er þeir kveiktu á og báru að, þar sem olían var látin við inntakið, og kviknaði þá í húsinu við inntakið. Fóru þeir þá í burtu og slökktu rafljósið. Kviknaði

þá í húsinu, en eldurinn varð fljótt slökktur af slökkviliði bæjarins áður en hann olli verulegum skemmdum. En þau komu sér saman um, að þau skuli kveikja í húsinu aftur, og fær Ingibjörg þá til þess. Ætlaði hún sér að græða á brunanum og fá hið váttryggða greitt eftir brunann samkv. váttryggingarupphæð, sem var meiri en sannvirði þess tryggða. Skyldi Leó fá um 1000 krónur fyrir að kveikja í, en af því stóð til, að hann greiddi Sölva eitthvað óákveðið. Komu þeir svo Sölvi og Leó til Ingibjargar um kl. 1 aðfaranótt 15. desember s. l., og vísaði hún þeim á olibrúsa í miðstöðvarherbergi húss þess, er kærð bjó í. Tóku þeir þar oliu á 2 flöskur, og bar hvor þeirra sína flösku inn í veitingahúsið „Dettifoss“. Fór Leó upp á loftið í húsinu um hleragatið, missti þar oliuflöskuna, er hann hélt á, svo að olian flóði um loftið. Leó losaði spýtu, sem stungið hafði verið á milli rörleiðslna, er lágu að rafmagnstöflu hússins, og Sölvi rétti honum sína oliuflösku, og Leó helti oliu í þar við töfluna, sem spýtan var tekin úr, og kveikti svo í. Sölvi fer svo út til að vera á verði um mannaferðir, en fer innan stundar til að hjálpa Leó niður af loftinu, og fara svo báðir í burtu.

Kærðu segjast báðir hafa verið undir áhrifum vins, en þó hafa haft fulla vitund um verknað sinn. Húsið var mannlauti og 12 metra frá öðru húsi.

Kærður Sölvi Valdimarsson hefir áður sætt 100 kr. sekt fyrir húsbrot og ölvun og 20 daga fangelsi við venjulegt fangavíðurværi fyrir einfaldan þjófnað, en meðkærð Ingibjörg Jósepsdóttir hefir eigi áður sætt refsingu.

Afbrot kærðu Leós og Sölva ber að heimfæra undir 1. lið 283. gr. refsilaganna, sbr. 48. gr., og Ingibjargar undir 2. málsgr. 283., sbr. 53. gr. refsilaganna, og ákveðst refsing Sölva Valdimarssonar og Leós Maronssonar 1 árs betrunarhússvinnu, en kærðrar Ingibjargar Jósepsdóttur betrunarhússvinnu í 14 mánuði.

Svo greiði öll hin kærðu eitt fyrir öll og öll fyrir eitt allan kostnað sakarinnar.

Meðferð málsins í héraði hefir verið vitalaus.

